

Ágætu foreldrar og starfsfólk Korpuskóla og Víkurskóla

Nú hafa Menntasvið, Leikskólasvið og hluti af ITR sameinast í eitt svið og heitir nýja sviðið skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Starfsheitið fræðslustjóri breytist í sviðsstjóri.

Framvegis mun ég nota þetta nýja nafn í upplýsingapóstunum. Vonandi veldur þetta ekki misskilningi.

Stýrihópur um sameiningu Korpuskóla og Víkurskóla hélt fjórða fund sinn 28. september í Víkurskóla.

Á þessum fundi fór fram áhættugreining þar sem rætt var um hvað gæti mögulega frarið úrskaiðis í verkefninu. Hver áhættuþáttur var metinn út frá alvarleika og líkum og síðan rætt til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á að viðkomandi áhættuþáttur kæmi upp.

Þá fór fram umræða um hvaða þætti starfshópurinn vildi hafa að leiðarljósi svo samstarfið yrði árangursríkt. Niðurstöðurnar verða notaðar í verk- og tímaáætlun. Ingibjörg Gísladóttir frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) stýrði þessari vinnu.

Verið er að skoða á skóla- og frístundasviði fjármál skóla í sameiningarferli og hvernig verði staðið að úthlutun til þeirra.

Umsóknarfrestur um stöðu skólastjóra sameinaðs skóla er liðinn og þessa dagana er verið að taka viðtöl við umsækjendur.

Eins og áður hefur komið fram eru í stýrihópnum skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) Reykjavíkurborgar.

Ég vil ítreka að öllum er frjálst að koma á framfæri efni til umræðu og hægt er að hafa samband við fulltrúa í hópnum.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hópsins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012. Fram til næstu áramóta er hópnum stýrt af skrifstofustjóra grunnskólaskrifstofu á skóla- og frístundasviði (Menntasviði) en frá áramótum mun nýráðinn skólastjóri hins sameinaða skóla stýra starfi hópsins.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir